

ÍNN

Áhorf

Mæling á vikudekkun

Október 2010

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	ÍN
Markmið	Að kanna vikudekkun á sjónvarpsstöðina ÍN og þróun þar á
Framkvæmdartími	21. til 28. október 2010
Aðferð	Netkönnun
Úrtak	1185 manns á öllu landinu, 16 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Capacent Gallup
Verknúmer	4020445

Stærð úrtaks og svörun

Úrtak	1185
Svara ekki	422
Fjöldi svarenda	763
Svarhlutfall	64,4%

Greiningarbreytur

Kyn	Karlar og konur
Aldur	Fimm aldursflokkar
Búseta	Reykjavík, nágrannasveitarfélög Reykjavíkur og önnur sveitarfélög
Fjölskyldutekjur	Tekjur allra á heimilinu fyrir skatta, sex flokkar
Menntun	Þrjú flokkar

Vigtun

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegi þýði nákvæmlega með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll og meðaltöl miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið á samarlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tölunúmerum.

Hlutfall svarenda fyrir vigtun:

Kyn:	
Karlar	52,4%
Konur	47,6%

Aldur:

16-24 ára	12,3%
25-34 ára	15,9%
35-44 ára	19,0%
45-54 ára	20,1%
55 ára eða eldri	32,8%

Búseta:

Höfuðborgarsvæðið	63,3%
Landsbyggðin	36,7%

Hlutfall í þýði/hlutfall svarenda eftir vigtun:

Kyn:	
Karlar	50,9%
Konur	49,1%

Aldur:

16-24 ára	18,4%
25-34 ára	17,6%
35-44 ára	21,8%
45-54 ára	16,7%
55 ára eða eldri	25,5%

Búseta:

Höfuðborgarsvæðið	63,6%
Landsbyggðin	36,4%

Reykjavík, 1. nóvember 2010


Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Sóley Valdimarsdóttir
Berglind Aradóttir
Matthías Þorvaldsson


Allar ábendingar varðandi framsetningu skýrslunnar eru vel þegnar. Vinsamlegast sendið tölvupóst á abending@capacent.is til að koma þeim á framfæri.

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Já	247	32,5	3,3
Nei	515	67,5	3,3
Fjöldi svara	762	100,0	
Tóku afstöðu	762	99,9	
Tók ekki afstöðu	1	0,1	
Fjöldi svarenda	763	100,0	

Próun



Ekki er marktækur munur á milli mælinga frá júní '09 og okt. '09 *.
Gagnaöflun í júní '09 fór fram í síma.



Greiningar

Greiningar	Fjöldi svara	Já (%)	Nei (%)
Kyn *			
Karlar	388	40%	60%
Konur	374	25%	75%
Aldur *			
16-24 ára	141	18%	82%
25-34 ára	134	31%	69%
35-44 ára	166	35%	65%
45-54 ára	128	40%	60%
55 ára eða eldri	194	38%	62%
Búseta			
Reykjavík	266	32%	68%
Nágrannasv.félög Rvk	218	33%	67%
Önnur sveitarfélög	278	33%	67%
Fjölskyldutekjur *			
Lægrí en 250 þúsund	77	26%	74%
250 til 399 þúsund	117	26%	74%
400 til 549 þúsund	114	35%	65%
550 til 799 þúsund	134	42%	58%
800 til 999 þúsund	75	34%	66%
Milljón eða hærri	59	43%	57%
Menntun			
Grunnskólapróf	249	30%	70%
Framhaldsskólapróf	233	33%	67%
Háskólapróf	241	35%	65%
Sérgreining eftir aldri og kyni **			
25-54 ára - Allir	428	35%	65%
25-54 ára - Karlar	216	40%	60%
25 ára og eldri - Allir	621	36%	64%
25 ára og eldri - Karlar	315	42%	58%

* Marktækur munur á milli hópa

** Þar sem sami svarandi getur verið í fleiri en einum flokki er marktækt ekki reiknuð


Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Já	163	41,1	4,8
Nei	234	58,9	4,8
Fjöldi svara	397	100,0	
Tóku afstöðu	397	99,3	
Tóku ekki afstöðu	3	0,8	
Fjöldi svarenda	400	100,0	

Tölur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru settar fram í tölum og myndum. Hver spurning er efst á hverri blaðsíðu. Í tölflunni er hægt að sjá svör þátttakenda og hve margir þeirra tóku ekki afstöðu til þessarar spurningar eða voru ekki spurðir. Í tölflunni hér til hliðar má sjá að líðlega 41% þátttakenda hafa gert það sem spurt var um.

Vikmörk

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn lægi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu væru spurðir. Dæmi: Segja má með 95% vissu að hefðu allir í þýð verið spurðir, hefðu á bilinu 36,3% til 45,9% (41,1% +/- 4,8%) þeirra sagst hafa gert það sem spurt var um. Í framhaldi af þessu er hægt að bera saman svarmögulekana. Ef vikmörkin skarast ekki er munur á þeim marktækur. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að minnihluti hefði gert það sem spurt var um.



Myndir

Í myndum er reynt að draga saman helstu niðurstöður þannig að auðvelt sé fyrir lesandann að átta sig á hvað sé markverðast hverju sinni. Ennfremur er oft gerð greining á hverri spurningu eftir öðrum greiningarbreytum í könnuninni. Má þar nefna kyn, aldur, búsetu, menntun og aðrar spurningar í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést að ekki er tölræðilega marktækur munur eftir aldri en hins vegar er munur eftir kyni þátttakenda. Hér hafa marktækt fleiri karlar en konur gert það sem um var spurt.

Greiningar

Greiningar	Fjöldi svara	Já	Nei
Kyn *			
Karlar	202	46%	54%
Konur	195	36%	64%
Aldur			
16-24 ára	64	41%	59%
24-34 ára	77	42%	58%
35-44 ára	83	41%	59%
45-54 ára	75	40%	60%
55-75 ára	98	42%	58%

* Marktækur munur á milli hópa

Marktekt

Algengur misskilningur er að ef niðurstaða tölræðiprófs er ekki tölræðilega marktæk þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er rangt, því eina merking tölræðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun í úrtaki yfir á þýði.

Við úrvinnslu á niðurstöðum eru alla jafna notuð tölræðipróf sem greina hvort munur á tilteknum hópum sé tölræðilega marktækur eða ekki. Í flestum tilfellum er einhver munur á öllum hópunum sem athugaðir eru. Þar sem einungis er verið að vinna með úrtök eru marktæktarpróf notuð til að meta hvort hægt sé að staðhæfa hvort einhver munur sé einnig í því þýði sem úrtakið var dregið úr (dæmi um þýði: Allir Íslendingar á aldrinum 18-69 ára). Ef niðurstaða er ekki tölræðilega marktæk er ekki hægt að staðhæfa að einhver munur sé á tilteknum hópum í þýði þrátt fyrir að munur sé á þeim í úrtakinu. Ef niðurstaða er tölræðilega marktæk má álykta sem svo að munur sé á þessum hópum í þýðinu.